

Fundargerð

83. fundur í Safna og menningarmálanefnd þriðjudaginn 30.04.2013 haldinn í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Dagbjört Höskuldsdóttir, Árni Valgeirsson, Elísabet L. Björgvinsdóttir, Sesselja Pálsdóttir varamaður, Anna María Rafnsdóttir sem ritar fundargerð og Ragnheiður Óladóttir frá Amtbókasafninu.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla Amtbókasafns
2. Söfn í Stykkishólmi
3. Önnur mál

Þetta gerðist:

- 1 Ragnheiður lagði fram skýrslu Amtbókasafns og skýrði stöðu mála í rekstri safnsins. Þar talaði hún um útlán safnsins sem hafa dregist saman. Rætt var um hvað væri hægt að gera til að snúa þessu við, þ.e hvað þyrfti til að laða að fleiri viðskiptavinum. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti eitthvað að gera svo að reksturinn gæti gengið. Ragnheiður ræddi bókarkaup, og innkaup fyrir safnið almennt. Skýrslan var rædd almennt og farið yfir hina ýmsu hluti sem Ragnheiður gerði grein fyrir. Dagbjört gerði athugasemd um að henni fyndist vanta í skýrsluna samanburð á útlánum milli ára. Rætt var um kostnað við að halda safninu opnu, og hugsanlega þarf að bæta og breyta þjónustu. Niðurstaðan eftir umræðuna var að það þyrfti áttak til að rífa upp viðskiptin í safninu. Athugasemd var gerð við það að enn á eftir að klára andyrið í Amtbókasafninu- það sé nauðsynlegt að klára. Í skýrslu Ragnheiðar láðist henni að geta um þáttöku amtþókasafnisins í Norðurljóshátíð sem fram fór í haust, sem heppnaðist mjög vel.
- 2 Dagbjört ræddi um Ljósmyndasafnið, og lagði áherslu á að safnið tæki við þeim myndum sem fólk kæmi með. Þó að myndirnar séu ekki skráðar jafnóðum verði það gert seinna. Það var ítrekað að nauðsynlegt væri að taka vel á móti fólki sem vildi færa safninu myndir.
- 3 Það er að fæðast safnapassi með ágætis afslætti í söfn bæjarins, þannig að það lítur vel út með þau mál.
Það verður hátíð í Vatnasafninu 25 maí á vegum Art angels, það sem að koma fram hinir ýmsu listamenn m.a Eiríkur Örn Nordal sem að notaði íbúðina á neðri hæð safnsins meðan hann sat við skriftir.

Dagbjört spurði Ragnheiði um styrk sem úthlutað var úr Menningarráði. Ragnheiður sagði frá því sem var ákveðið nú þegar hvernig styrknum yrði varið.

Elfar Logi ásamt tónlistarmanni verður í Vatnasafni 9 maí með dagskrá tileinkaða Sigvalda

Kaldalóns, en ekki var fleira komið á hreint, en ýmislegt í undirbúningi hugsanlega einhver þekktur tónlistarmaður. Annars hlutir óljósir og allt í skoðun varðandi styrkinn. Dagbjört lýsti störfum menningarráðs og úthlutun. Það bárust margar umsóknir svo Stykkishólmur mátti vel við una með þá styrki sem hingað komu. Umsækjendur eru t.d hinir ýmsu kórar og söfn. Hún talaði um breytingar á starfsemi menningarráðs og lýsti áhyggjum sínum með þær breytingar.

Árni Valgeirsson gerði athugasemd um hvort ekki væri eitthvað hægt að gera við gamla Hljómskálann, fundarmenn voru sammála um að það væri nauðsynlegt að ákveða hvað gera ætti við húsið.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið kl. 18.30

Dagbjört Höskuldsdóttir
Árni Valgeirsson
Elísabet Lára Björgvinsdóttir

Anna María Rafnsdóttir
Sesselja Pálsdóttir varamaður